



Fyrsta húsið sem komið er að þegar ekið er inn á Skagaströnd heitir því fallega nafni Röðulfell. Þetta er stórt og reisulegt einbýlishús. Í þessu húsi býr Elinborg Jónsdóttir kennari og hefur gert allt frá því það var byggt árið 1949. Þeir eru orðnir margir sem hafa notið handleiðslu Elinborgar í gegnum tíðina, en hún hefur kennt á Skagaströnd allt frá árinu 1945. Ég heimsótti hana á sólbjörtum októberdegi og hreiðraði um mig í notalegri stofu, búinni fallegum gömlum húsgögnum, útsaumunum púðum, bókum og blómum. Við spjöllum saman yfir kaffi, pönnukökum og öðru bakkelsi að gömlum íslenskum sið.

Elinborg er fædd 30. júní 1921 að Mástöðum í Vatnsdal og þar ólst hún upp. Foreldrar hennar voru Jón Kristmundur Jónsson bóndi á Mástöðum og Halldóra Gestsdóttir úr Dýrafirði. Talsverður aldursmunur var á þeim Jóni og Halldóru, hann var fæddur 1867 en hún 1890. Þetta var seinna hjónaband Jóns og átti hann þrjár dætur frá fyrra hjónabandi, en Elinborg á engin alsystkin. Heimilið var jafnan mannmargt, þar á meðal voru móðir fyrri konu Jóns og móðuramma Elinborgar, sem kallaði þær báðar ömmu. Jón faðir Elinborgar var óskólagenginn en vel að sér. Halldóra móðir Elinborgar var einn vetur á Núpi í Dýrafirði í unglingaskóla og einn vetur í Kvinnaskólanum í Reykjavík. Fátítt var að fólk af kynslóð Jóns föður Elinborgar færi í barnaskóla og talið að stúlkur hafi enn síður verið í þeim hópi en piltar, en þó hafði móðuramma Elinborgar verið í barnaskóla.

Ibsen, Tolstoy og Njála

Halldóra móðir Elinborgar hafði mikinn áhuga á ræktun. Á Mástöðum var garður með bæði blómum og trjám og meira að segja gosbrunnur. Segir Elinborg að nokkuð hafi verið af gördum í Vatnsdal en garðurinn á Mástöðum hafi verið með þeim fallegri, að minnsta kosti um tíma. Halldóra ræktaði einnig matjurtir og gerði jafnvel tilraunir með kornrækt.

„Pabbi var einn af þessum mönnum sem gerðu ákaflega margt. Hann hafði lært söðla-

smíði af föður sínum, og ég held hann hafi lagt stund á flestar smíðar nema gullsmíðar. Hann var kannski ekki ákaflega drifandi búmaður, en heimilið komst vel af þó það væri ekki stórbú. Hann var mikill félagsmálamaður og var oft á fundum. Kaupfélagsmál og Búnaðarfélagið voru honum mikil hjartansmál. Það var býsna margt framleitt á heimilinu. Pabbi smíðaði og það var ofið, þrjónað og spunnið og alls konar handavinna. Þetta var mikill sjálfsþurftarbúskapur.“

– Var mikið lesið á heimilinu?

„Ég var talin vera læs þegar ég var fjögurra ára. Ég hef oft hugsað um hvers konar lestur það hafi verið. En ég man ekki eftir mér fyrir en ég var farin að lesa. Ég las mjög mikið það sem ég náði í, en mér fannst ekki vera til nógu margar bækur. Njálu var ég örugglega búin að lesa þrisvar þegar ég var átta ára. Það þykir sumum þetta vera erfitt fyrir börn núna. Ég man alltaf hvað ég var spennt. Þegar Gunnar á Hlíðarenda var fallinn þá fannst mér svo voðalegt að ég ætlaði ekki að lesa meira. En svo fór ég fljótlega að lesa aftur og jafn spennt. Því miður voru ekki aðrir Íslendingasögur til. En þegar ég var níu eða tíu ára þá var farið að fá bækur úr Lestrarfélaginu og þá komu allar Íslendingasögurnar og margar fleiri bækur. Mamma las mikið bækur á dönsku og norsku, sérstaklega eftir Ibsen og Tolstoy. Ég fór fljótlega að lesa þetta líka. Ég man ekki alveg hvað ég var gömul, líklega þrettán eða fjórtán ára. Ég lærði ekki

dönsku í skóla áður, en ég hlustaði á útvarpskenninguna.“

„Mér fannst gaman að læra“

– Hvornig var þinni skólagöngu háttað?

„Ég var náttúrulega í farskóla. Mér fannst gaman að læra. Það var kennt í skólans húsinu og við vorum þrjú sem gengum saman þangað frá Mástöðum. Það myndi ábyggilega þykja langt núna, við vorum um það bil klukkutíma. Ég byrjaði níu ára í skólanum og var þá í mánuð. Svo tók ég fullnærpróf 12 ára gömul. Ég varð að fá undanþágu af því að ég var of ung og til þess að fá undanþáguna varð ég að læra eitthvað á næsta vetri. Ég gekk nokkra tíma til sr. Þorsteins í Steinnesi og hann kenndi mér íslensku og reikning. Mér fannst reikningur ákaflega skemmtilegur. Strax og byrjað var að kenna gegnum útvarp fylgdist ég með því, bæði íslensku, ensku og dönsku. Svo ég steli nú engu undan með námið, þá var ég mánaðartíma í Kvinnaskólanum á Blönduósi þegar ég var fimmtán ára, komst að í forföllum.“

Þetta voru milli 10 og 20 börn í barnaskólanum. Ég samlagaðist þeim ekki nógu vel. Þegar ég var fimmtán ára var mér komið í mánaðartíma vestur að Lækjarmóti til Jónínu til að læra á orgel. Þá var ég svo heppin að kynnast þar stúlku sem mér líkaði ákaflega vel við, Margréti dóttur Jónínu og við höfum verið vinkonur síðan. Ég hugsaði stundum þegar ég var í barnaskóla að þegar ég yrði fullorðin þá ætlaði ég að kenna og ekki láta skólann verða svona. En eftir að ég varð kennari kynntist ég því að það er meira en að segja það. Það getur oft verið erfitt þó maður vilji laga eitthvað.“

Vistin góð í Kennaraskólanum

– Ákvaðstu það strax að þú vildir verða kennari?

„Nei, það var eitt af því sem mig langaði til. Mig langaði líka til að búa, hafa stóran garð og fallegan, mig langaði til að læra náttúrufræði og lesa mikið. Mig langaði helst að sameina þetta á stórum búgarði þar sem lagt væri stund á allt! Það voru svona

loftkastalar hjá krökkum. Svo fór Margrét í Kennaraskólann, en þá var ég of ung til að geta farið. Ég veit ekki hvort það réði úrslitum að ég fór þangað, eða að það var kljúfanlegur kostnaður. Mér fannst nú að það væri meira gaman að fara í menntaskóla, en það var svo langt nám og mikill kostnaður. Ég ákvað að sækja um að taka próf inn í 2. bekk í Kennaraskólanum. Ég fékk það svar að ég mætti taka próf með nemendum 1. bekkjar og gengi það nógu vel fengi ég innngöngu. Ég var ekkert hrædd við að reyna. Þegar ég kom suður frétti ég að það yrði aðeins einum bætt við og svo í stað þeirra sem fengu lægra en 6. Við vorum mörg sem ákváðum að reyna þetta og flest höfðu verið talsvert í skóla. Ég man að ég skrifaði pabba og sagði honum að þetta væri alveg vonlaust, en fyrst ég væri nú komin suður ætlaði ég samt að reyna. Ég las eins og ég gat og þetta tókst. Það virkar sjálfsgat eins og mont, en ég tók lausa sætið. Það var búin að segja mér að ef ég kæmi svona inn í skólann þá yrði mér illa tekið. Nemendur vildu ekki svona aukagengsa. En það reyndist mér á annan veg. Mér var vel tekið og eignaðist marga góða félagar og vini og mér leið ákaflega vel veturna sem ég var í Kennaraskólanum.“

Fyrstu kennslustörfin

– Fórstu svo strax að kenna?

„Veturinn eftir það Þorbjörn á Geitaskarði mig að vera heimiliskennara hjá sér. Það varð úr að ég samþykkti það. Það þótti kannski ekki í mikið ráðist, ég hafði aðeins fjóra nemendur. Það var ágætt, mér leið mjög vel þar og að mörgu leyti fróðlegt að kynnast svona heimilum eins og á Geitaskarði. Það var stórbú á gömlum merg. Ég kenndi tveimur dætrum Þorbjarnar og Sigfríðar og tveimur dætrum Þorvalds Þórarínssonar og Ragnheiðar Brynjólfsdóttur á Blönduósi. Kaupið var ekki óskaplega hátt, en um vorið gat ég þó látið eftir mér að kaupa Íslendingasögurnar óbundnar í útgáfu Sigurðar Kristjánssonar.“

Svo næsta vetur þá ákvað ég að reyna að kenna við skóla og sá kennarastöðu auglýsta